



19. mars 2019

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um mál nr. S-86/2019 í samráðsgátt stjórnvalda

Frumvarp til laga um félagasamtök til almannaheilla

Hagsmunasamtök heimilanna eru frjáls félagasamtök sem hafa þann yfirlýsta tilgang að koma fram sem málsvari íslenskra heimila, með því markmiði að efla og stuðla að framgangi réttinda þeirra eftir öllum löglegum leiðum sem standa til boða hverju sinni (þ.e. til almannaheilla). Í því sambandi hafa samtökin einkum sérhæft sig í réttindum neytenda á fjármálamarkaði.

Frumvarp það sem hér um ræðir felur í sér tillögu um heildarlög um starfsemi almannaheillasamtaka, sem er nýmæli í íslenskum rétti, en hingað til hefur slík starfsemi einkum byggst á óskráðum reglum félagaréttar. Að mati samtakanna er það til bóta að skrásetja þær reglur til að gera þær aðgengilegar og skýrar fyrir þátttakendum í starfsemi slíkra samtaka. Aftur á móti verður að gæta þess að við slíka lagasetningu séu ekki lagðar nýjar og íþyngjandi kvaðir á slíka starfsemi.

Samtökin gera sérstaklega athugasemd við 2. gr. frumvarpsins sem lýtur að því að opinberum aðilum verði heimilt að setja það sem skilyrði fyrir styrkjum, rekstrarsamningum og opinberum leyfum til félagasamtaka til almannaheilla að þau uppfylli skilyrði laga samkvæmt frumvarpinu. Samtökin telja þetta ákvæði í raun óþarft, en með því að setja það fram sérstaklega í lögum yrði gefið undir fótinn með að þau íþyngjandi skilyrði sem í frumvarpinu felast, verði með tímanum að meginsteftu þegar kemur að ákvarðanatöku um fjárveitingar til samtaka sem starfa í þágu almannaheilla.

Hagsmunasamtök heimilanna hafa um árabíl leitað eftir opinberum fjárveitingum og að stjórnvöld geri við þau þjónustusamning sambærilegan við þá sem hafa verið gerðir um aðstoð við leigjendur á húsnæðismarkaði, enda sé sambærileg þjónusta nauðsynleg fyrir þann meirihluta heimila sem ekki eru í leiguhúsnæði. Afraksturinn hefur því miður verið af skornum skammti og þjónustusamningur ekki verið undirritaður. Eru kröfur samtakanna þar að lútandi því hér með ítrekaðar.

Að öðru leyti vísast til meðfylgjandi umsagnar við sambærilegt frumvarp frá árinu 2015.

- 0 -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Skúlagata 4
101 Reykjavík
postur@anr.is

**Hagsmunasamtök
Heimilanna**



heimilin@heimilin.is - www.heimilin.is
Ármúla 5 -108 Reykjavík
kt. 520209-2120

Erindi nr. HH15UANR.0001

Dags. 8.8.2015

**Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um drög að
frumvarpi til laga um félagasamtök til almannaheilla**

Hagsmunasamtök heimilanna eru frjáls félagasamtök sem hafa þann yfirlýsta tilgang að koma fram sem málsvari íslenskra heimila, með því markmiði að efla og stuðla að framgangi réttinda þeirra eftir öllum löglegum leiðum sem standa til boða hverju sinni. Eðli málsins samkvæmt vilja samtökin því koma á framfæri afstöðu sinni til fyrirhugaðrar lagasetningar um almannaheillasamtök.

Frumvarp það sem hér um ræðir felur í sér tillögu um heildarlög um starfsemi almannaheillasamtaka, en slíkum lagaramma hefur ekki verið til að dreifa fram til þessa nema í mjög takmörkuðum mæli. Þar af leiðandi hefur lagaumhverfi slíkrar starfsemi fram til þessa byggst að mestu á óskráðum reglum félagaréttar. Hagsmunasamtök heimilanna eru almennt fylgjandi lögfestingu óskráðra reglna þar sem þær verða þá betur aðgengilegar ólöglaðum almenningi og á það sérstaklega við í þessu tilfalli þar sem starfsemi almannaheillasamtaka byggist gjarnan á þáttöku sjálfboðaliða. Samtökin vilja engu að síður gera eftirfarandi athugasemdir við hin umræddu frumvarpsdrög.

Með 2. gr. frumvarpins er lagt til að ríki, sveitarfélögum, opinberum stofnunum og lögaðilum sem eru að 51% hluta eða meira í eigu ríkisins, verði veitt heimild til að gera það að skilyrði fyrir styrkjum, rekstrarsamningum og opinberum leyfum til almannaheillafélaga að þau uppfylli ákvæði frumvarpins yrði það að lögum. Hagsmunasamtök heimilanna telja talsverðar líkur á að slíkt ákvæði muni leiða til þess að framvegis muni slík skilyrði verða meginregla í framkvæmd, fremur en undantekning. Er þar um að ræða ákveðna stefnubreytingu frá því sem hingað til hefur verið, sem gæti í einhverjum tilfellum reynst íþyngjandi fyrir almannaamtök, en á hinn bóginn má telja að það sé til þess fallið að stuðla að ábyrgari meðferð fjármuna sem ráðstafað er úr opinberum sjóðum. Samtökin leggjast ekki gegn slíkri heimild, en benda þó á mikilvægi þess að eftir sem áður verði gætt meðalhófs og ávallt verði málefnaleg sjónarmið lögð til grundvallar ákvörðunum um slík skilyrði hverju sinni.

Í 30.-33. gr. frumvarpins er að finna ákvæði um stjórn félags, þar á meðal hæfisreglur stjórnarmanna, og almennt bann við lánveitingum til stjórnarmanna og starfsmanna sem ekki falla að starfseminni, en um er að ræða sambærilegur reglur þeim sem almennt gilda á sviði félagaréttar. Það nýmæli er þó þar að finna, að hafi bú einstaklings verið tekið til gjaldþrotaskipta skuli hann ekki vera bær til að sitja í stjórn félags fyrr en hann sé aftur orðinn fjár síns ráðandi. Samtökin telja svo fortakslaust skilyrði full þröngt, en nægilegt væri að það ætti við um aðila sem hafa með höndum fjárreiður félags. Sem dæmi

má nefna að komið getur upp þannig skipan mála innan félags, sem t.d. vill stuðla að réttindum þeirra sem hafa verið gerðir gjaldþrota á grundvelli ólöglegra lánasamninga, að allir stjórnarmenn þess félags væru gjaldþrota á þeim tíma sem félagið væri að vinna að úrlausn þeirra mála og því væri það íþyngjandi og óeðlilegt að hafa skilyrðin svo þröng sem frumvarpið kveður á um.

Með 34. gr. frumvarpsins er lagt til að félögum sem frumvarpið nær til verði skylt að færa bókhald og gera ársreikning í samræmi við lög um bókhald, sem er nýmæli miðað við núgildandi lagaumhverfi þar sem frjáls félagasamtök hafa almennt ekki borið slíkar skyldur. Þá er lagt til að ársreikningur skuli vera áritaður af endurskoðanda eða undirritaður af skoðunarmönnum, en slíkum reglum er varða fjárreiður og bókhald félagasamtaka hefur ekki verið til að dreifa fram að þessu. Almennt má þó telja líklegt að flest stærri félagasamtök hafi sett sér einhverskonar hliðstæðar reglur í samþykktum sínum. Hagsmunasamtök heimilanna telja að reglur sem þessar séu almennt af hinu góða, enda er ekki um að ræða fortakslausa skyldu sem myndi eiga við um öll frjáls félagasamtök, heldur einungis þau sem myndu skrá sig sérstaklega sem almannaheillasamtök samkvæmt ákvæðum frumvarpsins.

35. gr. og X. kafli frumvarpsins fela í sér ákvæði um bótaskyldu stjórnenda og þeirra aðila sem koma að fjárreiðum félaga vegna tjóns sem þeir valda félaginu af ásetningi eða gáleysi, ásamt viðurlögum við alvarlegri brotum gegn ákvæðum laga samkvæmt frumvarpinu. Með því er einkum átt við ranga eða villandi upplýsingagjöf um hagi félags, misnotkun á atkvæðisrétti og röskun á eðlilegum framgangi atkvæðagreiðslu á aðalfundi með óheiðarlegum hætti. Hér einnig um nýmæli að ræða en skráðum reglum um bótaábyrgð og viðurlög hefur ekki verið til að dreifa fram að þessu. Hagsmunasamtök heimilanna telja umrædd ákvæði frumvarpsins þó vera bæði hófleg og til þess fallin að skýra betur þann ramma ábyrgðar sem viðkomandi aðilum megi vera ljóst að nái yfir hlutverk þeirra.

Þá er í VII. og VIII. kafla að finna ákvæði er varða slitameðferð félaga, heimild fyrirtækjaskrár til að afskrá félög sem hafa lognast út af, og jafnframt að vissum skilyrðum uppfylltum megi endurvekja félög sem þannig hafi lagst í dvala. Þar sem engar skráðar reglur hafa verið fyrir hendi um hvernig fara skuli með félög sem þessi eftir að starfsemi þeirra hefur lagst af eða verið hætt, hefur verið á reiki hvernig rétt sé að ráða örlögum þeirra. Er því jákvætt eins og fyrr segir að slíkar reglur verði lögfestar og jafnframt mikilvægt í ljósi tilgangs starfsemi af því tagi sem frumvarpinu er ætlað að ná til.

Með hliðsjón af framangreindum athugasemdum leggjast Hagsmunasamtök heimilanna ekki gegn því að frumvarp það sem hér um ræðir nái fram að ganga, en hvetja þó til þess að í kjölfar gildistöku slíkra laga verði þeim félagasamtökum sem undir þau falla gefinn hæfilegur aðlögunartími til þess að uppfylla skilyrði þeirra laga og jafnframt að gætt verði meðalhófs í framkvæmd þeirra.

- 0 -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna



Vilhjálmur Bjarnason, formadur@heimilin.is



Pálmei Gísladóttir, varaformadur@heimilin.is



Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is